

117. fundur Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 19. maí 2017 kl 13:00 haldinn að Þverholti 2 Mosfellsbæ.

Fundinn sátu fyrir hönd framkvæmdastjórar: Árný Sigurðardóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Guðmundur H. Einarsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Umsókn Neyðarlínunnar og Mílu til lagningar ljósleiðara um landsvæði frá Gljúfrasteini í Skálafell. Beiðni um umsögn.

Lagt fram bréf Neyðarlínunnar og Mílu dagsett 26. apríl 2017 þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til Mosfellsbæjar fyrir ofangreindri framkvæmd ásamt uppdrætti sem sýnir lagnaleið og samkomulagi við landeigendur dagsett 9. maí 2017.

Framkvæmdin er háð tímabundnu starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis. Framkvæmdastjórnin gerir ekki athugasemdir enda verður framkvæmdinni sett sértæk sértæk skilyrði í stafsleyfi m.t.t. vatnsverndar í samræmi við samþykkt nr.555/2015 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.

2. mál Deiliskipulag tengivirki við Sandskeið

Lagður fram tölvupóstur skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dagsettur 7. maí 2017 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint erindi.

Lögð fram drög að deiliskipulagi tengivirkis við Sandskeið dagsett 9. mars 2017 unnin af Eflu verkfræðistofu.

Framkvæmdastjórn gerði bókun vegna málsins á fyrri stigum á fundi sínum þann 2. febrúar 2017. Fyrir liggur áhættumat Landsnets dagsett 2. febrúar. 2017 vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki á Sandskeiði sem unnið var af Eflu verkfræðistofu. Fyrir liggur án sérstakra athugasemda rýni ÍSOR dagsett 15. maí 2017 á áhættumatinu sem unnin var fyrir Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Framkvæmdastjórnin gerir ekki athugasemdir við áhættumatið. Að öðru leiti er málinu vísað til Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um útgáfu starfsleyfis.

Fundi slitið kl 14:10